

Nd.

618. Nefndarálit

[220. mál]

um frv. til laga um tímabundið oliugjald til fiskiskipa.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur fjallað um frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir leggja til að frv. verði fellt.

Þetta er þriðja frv. um tímabundið oliugjald til fiskiskipa sem núverandi sjávarútvegsráðherra leggur fyrir Alþingi.

Í hinu fyrsta, sem lagt var fram í marsmánuði 1980, var oliugjald lækkað úr 5% í 2.5%, og við umræðu lýsti ráðherra því yfir, að hann mundi kappkosta að finna leiðir til frekari lækkunar oliugjalds með það í huga að afnema það með öllu, enda væri gjaldtaka sem þessi í alla staði óeðlileg. Í okt. s. l. leggur hæstvirtur sjávarútvegsráðherra enn fram frv. á Alþingi um tímabundið oliugjald til fiskiskipa, ekki til lækkunar gjaldsins, eins og fyrri yfirlýsingar og ummæli gáfu til kynna, heldur um hækkun úr 2.5% í 7.5%. Slík var kúvending ráðherra frá fyrri yfirlýsingum. Og enn leggur ráðherra til að 7.5% oliugjald sé framlengt. Í öll skiptin, sem núverandi sjávarútvegsráðherra hefur mælt fyrir frv. sínum um tímabundið oliugjald til fiskiskipa, hefur hann ítrekað þá skoðun sína, að gjaldið bæri að afnema. Og það má ráðherra eiga, að bæði í okt. s. l. og eins í mars s. l., þegar ráðherra mælti fyrir frv., fann hann gjaldinu allt til foráttu og talaði gegn eigin máli, sem er virðingarvert, en dugar skammt.

Það er með öllu óskiljanlegt í ljósi fyrri yfirlýsinga ráðherra, að hann skuli enn leggja slíkt frv. fyrir Alþingi, í algjörri andstöðu við sjálfan sig að því er virðist.

Fyrir liggja margitrikaðar yfirlýsingar og mótmæli sjómannasamtakanna við oliugjaldinu og er þar skemmst að minnast mótmæla þings Sjómannasambands Íslands frá s. l. hausti.

Enn furðulegri er þessi afstaða sjávarútvegsráðherra og ríkisstjórnar þegar höfð eru í huga þau loforð ráðherra sem gefin voru við lausn sjómannadeilunnar á Vestfjörðum á s. l. ári. Þau loforð voru að sjálfsögðu ekki afmörkuð við vestfirskra sjómenn, heldur áttu þau líka við um sjómannastéttina sem heild. Varðandi þau loforð skal vitnað til samþykktar Sjómannafélags Ísfirðinga, sem birt er sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti, en þar segir m. a.:

„Stjórn S. Í. telur sig mæla fyrir munn allra vestfirskra sjómanna er hún mótmælir öllum fyrirætlunum stjórnvalda um áframhaldandi lagabindingu oliusjóðsins. Stjórnin lýsir furðu sinni yfir þeirri afstöðu, sem núverandi sjávarútvegsráðherra hefur til þessa máls og brýtur algjörlega í bága við fyrri yfirlýsingar og loforð.

Vill stjórnin minna á að við seinustu kjarasamninga gaf núverandi sjávarútvegsráðherra, Steingrímur Hermannsson, forsvarsmönnum sjómannasamtakanna á Vestfjörðum skýlausa yfirlýsingu þess efnis, að það væri skoðun hans og stefna, að oliugjaldið yrði alfarið fellt úr gildi, og mundi hann vinna að því með öllum tiltækum ráðum að svo yrði sem allra fyrst. Reyndin er sú, að sá hinn sami ráðherra hefur nú þegar beitt sér fyrir hækkun oliugjalds úr 2.5% í 7.5%.

Þykir sjómönnum að vonum leitt til þess að vita, að orð ráðherra skuli eigi marktæk, og munu að sjálfsögðu taka mið af þeirri staðreynd ef á reynir síðar.

Skorar stjórn S. Í. eindregið á þingmenn allra flokka að fella frumvarpið um lögbindingu oliugjaldsins.“

Þá er einnig birt sem fylgiskjal með nefndarálitinu afstaða Sjómannasambands Íslands til þessa frv., en þar er frumvarpinu harðlega mótmælt.

Undirritaðir nefndarmenn hafa áður lýst þeirri skoðun sinni, að útgerðin eigi vissulega við mikil rekstrarvandamál að stríða, en að þau verði ekki leyst með einhliða skerðingu á kjörum sjómanna.

Við erum þeirrar skoðunar, að vandamál útgerðarinnar vegna olíuverðshækkunar eigi að leysa með sameiginlegum aðgerðum sem ná til allra landsmanna.

Við viljum ekki efna til vaxandi ófriðar milli sjómanna og stjórnvalda, eins og samþykkt þessa frumvarps mundi gera, og erum því andvígir að frv. nái fram að ganga.

Alþingi, 7. apríl 1981.

Karvel Pálmason,
frsm.

Pétur Sigurðsson.

Halldór Blöndal.

Fylgiskjal I.

Yfirlýsing frá stjórn Sjómannafélags Ísfirðinga.

Fundur, haldinn í stjórn S. Í. þriðjudaginn 24. mars 1981, hefur samþykkt einróma eftirfarandi yfirlýsingu:

Stjórn S. Í. telur sig mæla fyrir munn allra vestfirskra sjómanna er hún mótmælir öllum fyrirætlunum stjórnvalda um áframhaldandi lagabindingu olíusjóðsins. Stjórnin lýsir furðu sinni yfir þeirri afstöðu, sem núverandi sjávarútvegsráðherra hefur til þessa máls og brýtur algjörlega í bága við fyrri yfirlýsingar hans og loforð.

Vill stjórnin minna á að við seinustu kjarasamninga gaf núverandi sjávarútvegsráðherra, Steingrímur Hermannsson, forsvarsmönnum sjómannasamtakanna á Vestfjörðum skýlausa yfirlýsingu þess efnis, að það væri skoðun hans og stefna, að olíugjaldið yrði alfarið fellt úr gildi, og mundi hann vinna að því með öllum tiltækum ráðum að svo yrði sem allra fyrst. Reyndin er sú, að sá hinn sami ráðherra hefur nú þegar beitt sér fyrir hækkun olíugjalds úr 2.5% í 7.5%.

Þykir sjómönnum að vonum leitt til þess að vita, að orð ráðherra skuli eigi marklæk, og munu að sjálfsögðu taka mið af þeirri staðreynd ef á reynir síðar.

Skorar stjórn S. Í. eindregið á þingmenn allra flokka að fella frumvarpið um lögbindingu olíugjaldsins.

Við viljum enn fremur benda á að fiskverðshækkun, sem er í orði 18%, er á borði 10.2% ef miðað er við aflasamsetningu skuttogaranna og lækkun kassauppbótar. Mótmælum við harðlega þeim skollaleik sem Verðlagsráð sjávarútvegsins leikur með verðhækkunum á ruslfiski, sem litlu máli skiptir í heildarafla, og búa þannig til falskar tölur um fiskverðshækkun.

Við viljum minna á að einn af þeim þáttum, sem einna stærstan hlut á í erfiðleikum útgerðar nú, er ofvöxtur fiskiflotans og má rekja beint til stjórnleysis ráðamanna, og væri æskilegra að þeir þættir, sem snúa að fiskvernd og flotastærð, væru betur í takt, en eigi ávallt gripið til þeirra ráða að ganga á kjör sjómanna.

Olíusjóðurinn einn jafngildir um það bil 2% skiptakjaraskerðingu hjá hluta-sjómönnum og hefur orsakað um það bil 1.5% kjararárnun frá undirskrift seinustu kjarasamninga vestfirskra sjómanna. Þar við bætist skerðing á kassauppbót og skollaleikur með fiskverð.

Skorar S. Í. eindregið á íslensk sjómannasamtök að taka öll þessi mál fastari tókum og jafnframt benda stjórnvöldum á að síendurteknar aðfarir að kjörum sjómanna gætu haft ófyrirsjáanlega neikvæðar afleiðingar.

Ísafirði, 24. mars 1981.

Gunnar Þórðarson, form. Sjómannafél. Ísfirðinga.

Fylgiskjal II.

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS.

Hr. alþingismaður
Karvel Pálmason
Alþingishúsinu

Dags. 23. mars 1981.

Vegna fyrirspurnar þinnar um afstöðu Sjómannasambands Íslands til laga um 7½% oliugjald til fiskiskipa vill stjórn sambandsins taka fram eftirfarandi:

Á 12. þingi SSÍ var samþykkt af þingheimi að mótmæla harðlega þá fram komnu frumvarpi til laga um 7½% oliugjald til fiskiskipa.

Í samræmi við ofangreinda samþykkt Sjómannasambandsþings hafa fulltrúar SSÍ bæði í Verðlagsráði svo og á öðrum stöðum, þar sem oliugjaldið hefur verið til umræðu, ítrekað þessi mótmæli.

Þá viljum við taka fram, að þar sem nú liggur fyrir að löggjöf er væntanleg um endurnýjun á þessu gjaldi í tengslum við síðustu fiskverðsákvörðun, þá hefur það í engu breytt fyrri afstöðu okkar, og hefur henni verið komið á framfæri í Verðlagsráði.

f. h. Sjómannasambands Íslands

Óskar Vigfússon.